



11. fundur stjórnar SSA 17. ágúst 2018

Fundurinn hófst kl. 9:00 í Herðubreið á Seyðisfirði.

Mættir voru stjórnarmennirnir Sigrún Blöndal, Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hákon Hansson, Margrét Guðjónsdóttir og Stefán Grímur Rafnsson auk Einars Más Sigurðarsonar varamanns Jens Garðars Helgasonar sem boðaði forföll. Jóney Jónsdóttir verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sat fundinn og ritaði fundargerð.

Sigrún Blöndal stýrði fundi. Hún setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 10. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SSV (nr. 138), SASS (533 og 534.), SSS (732 og 733), Eyþings (306), SSVN (frá 22. maí, 11. júní og 10. júlí) og SSH (458).
- 1.3. Fundargerð 861. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29. júní 2018.
- 1.4. Fundargerð 142. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 3. júlí 2018.
- 1.5. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar SSA 4. maí 2018.
- 1.6. Boð á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.-28. september. Dagsetning fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 11.-12. okt. 2018.
- 1.7. Boð á vinnustofu um framtíð landbúnaðarins 23.-24. ágúst, boð á kynningar- og umræðufund um rannsókn á orsökum búferlaflutninga og tilkynning um kynningarfund um tillögur um þjóðgarð á miðhálandinu.

2. Ársreikningur 2017 og fjármál 2018

Framkvæmdastjóri Austurbrúar fer yfir ársreikning 2017 og fjármál 2018. Ársreikningur er undirritaður.

3. Almenningsamgöngur

- 3.1. Fundargerðir SV-Aust frá 13. júní, 26. júní, 5. júlí, 10. júlí og 14. ágúst lagðar fram til kynningar.
- 3.2. Formaður og verkefnastjóri lýsa stöðu dómsmáls við Sternu.

4. Atvinnulífssýning – áhersluverkefni

Minnisblað frá samtökunum Ungt Austurland lagt fram til kynningar

5. Aðalfundur 2018

Farið yfir mál varðandi aðalfund SSA 2018.

6. Millipinganefnd

- 6.1. Millipinganefnd kynnir skýrslu sína og tillögur um stjórnunarfyrirkomulag SSA og samstarf við Austurbrú.

7. Önnur mál.

- 7.1. Fundur í nefnd um endurskoðun Fjallskilasamþykktar.
- 7.2. Fundur í starfshópi sem fjallar um geðheilbrigðismál á Austurlandi.
- 7.3. Formaður segir frá svari við bréfi um vinnu starfshóps um göng á Seyðisfjörð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 10. fundi stjórnar SSA 2017-2018 var lögð fram til staðfestingar.
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSV (nr. 138), SASS (533 og 534.), SSS (732 og 733), Eyþings (306), SSNV (frá 22. maí, 11. júní og 10. júlí) og SSH (458) voru lagðar fram til kynningar.
- 1.3 Fundargerð 861. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29. júní 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.4 Fundargerð 142. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 3. júlí 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.5 Fundargerð svæðisskipulagsnefndar SSA 4. maí 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.6 Boð á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.-28. september var lagt fram til kynningar. Dagsetning fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 11.-12. okt. 2018 var tilkynnt.
- 1.7 Boð á vinnustofu um framtíð landbúnaðarins 23.-24. ágúst var lagt fram til kynningar og samþykkt samhljóða að Jakob Sigurðarson færi sem fulltrúi SSA. Boð á kynningar- og umræðufund um rannsókn á orsökum búferlaflutninga var lagt fram til kynningar og tillaga um að verkefnastjóri færi á fundinn samþykkt. Tilkynning um kynningarfund um tillögur um þjóðgarð á miðhálandinu var lögð fram til kynningar.

2. Ársreikningur 2017 og fjármál 2018

Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar og Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG fóru yfir ársreikning SSA 2017. Rekstrartekjur voru 261.588.178 og rekstrargjöld 259.440.509. Rekstrarafgangur var rúmlega 3,6 milljónir. Ársreikningurinn var lagður fram til undirritunar. Magnús benti á ósamræmi á milli samþykktar SSA og endurskoðunar reikningsins sem er kannaður. Þetta ósamræmi þyrfti lagfæra með breytingum á samþykktum á næsta aðalfundi. Dómsmál við Sternu og fjárhagsleg áhrif þess á SSA voru rædd.

Einnig fóru Magnús og Jóna Árný yfir ársreikning Minningarsjóðs Ragnhildar B.

Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar og var hann lagður fram til undirritunar. Að lokum var farið yfir ársreikning Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands og hann lagður fram til undirritunar. Jóna Árný fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2019.

3. Almenningsamgöngur

- 3.1 Fundargerðir SV-Aust frá 13. júní, 26. júní, 5. júlí, 10. júlí og 14. ágúst voru lagðar fram til kynningar. Rætt var um nauðsyn þess að gera almenningsamgöngur liprari og þannig að þær nýtist almenningi.
- 3.2 Formaður og verkefnastjóri lýstu stöðu dómsmáls við Sternu. Dómskvaddir matsmenn munu vinna nýja matsgerð.

